

Föstudaginn 22. júní 1962.

Nr. 138/1961. **Hótel Borg h/f**

gegn

Almennum tryggingum h/f og gagnsök.

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tyggvason,
Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Theodór Líndal
prófiessor.**

Úrskurður Hæstaréttar:

Í málinu er fram komið, að á uppdrætti þeim af Hótel Borg, sem samþykktur var 1. desember 1928, var m. a. gert ráð fyrir nokkru auðu svæði á baklóð hússins við enda gangs þess, sem um er að tefla. Einnig er upp komið, að á svæði þessu hefur eigandi húseignarinnar síðar látið reisa byggingar.

Áður en dómur verður felldur í máli þessu í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að leggja fram framangreindan uppdrátt og afla glögggra gagna um, hvenær byggingar þessar voru reistar svo og um gerð þeirra og staðsetningu á lóðinni. Einnig skulu leidd í ljós önnur þau atriði, sem gagnaöflun þessi kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Aðiljum er veittur kostur á öflun framantalinna gagna.
